

Foreldraráðsfundur 12.desember kl. 8:10-9:30

Mætt:

Baldur Pálsson (aðstoðarskólustjóri), Birna Helgadóttir (foreldraráð), Helga Sverrisdóttir (foreldrafélag), Kristín Jónína Gísladóttir (foreldraráð), Ólína E. Thoroddsen (aðstoðarskólustjóri), Sigfús Grétarsson (skólustjóri, Grunnskóli Seltjarnarness), Sigurlína Margrét Magnúsdóttir (foreldraráð)

Fundarstaður

Valhúsahúsaskóli

Ritari:

Kristín

Eftirfarandi var rætt:

Yfirlestur skólanámsskrár

Ákveðið að fara yfir almenna hluta skólanámsskrár á fundir í janúar.

Gjöf frá foreldrafélaginu

Foreldrafélagið hefur keypt og mun afhenda skólanum 18. desember hljóðkerfi í Valhúsaskóla. *Fundarmenn lýsa ánægju sinni með gjöfina sem þeir telja að eigi eftir að nýtast vel.*

Niðurstöður úr foreldrakönnun

Baldur kynnti niðurstöður foreldrakönnunar lauslega. Þær verða birtar á heimasíðu skólans fljótlega og verða þar með öllum opnar. *Foreldraráð líst vel á það, ætlar að kynna sér niðurstöðurnar nána og telur brýnt að vinna nánar með þá þætti sem greinilega eru ekki að koma vel út.*

Launamál kennara

Rætt um launamál kennara. *Foreldraráð ætlar að því að hitta formann skólanefndar til þess að ræða þessi mál.*

Fundur foreldraráðs og nemendaráðs

Fram kom á fundi foreldraráðs og nemendaráðs að umgengni í skólanum m.a. í mötuneyti í Valhúsaskóla væri ábótavant. *Foreldraráð hvetur stjórnendur til þess að senda bréf til foreldra með hvatningarorðum um bættu umgengni.* Þar kom einnig fram áhugi nemenda á að taka þátt í fleiri keppnum milli skóla s.s. ræðukeppni, íþróttakeppni, Skrekkur, spurningakeppni. *Stjórnendur ætla að tala við yfirmann Selsins.*

Skipulag viðburða í Selinu

Mikil ánægja með starfið í Selinu en upplýsingaflæði til foreldra um starfið þar þarf að vera betra. Einnig er mikilvægt að taka mið af prófatímum við skipulag dagskrá Selsins s.s. jólaballið, sem var mjög nálægt prófum. *Eins og áður kom fram ætla stjórnendur að funda með yfirmanni Selsins.*

Eineltismál

Foreldraráð telur mikilvægt að nemendur séu upplýstir um leiðir til þess að aðstoða þá sem lagðir eru í einelti þ.e. viti hvað þeir eigi að gera ef eineltisatvik kemur upp.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 9. janúar í Mýrarhúsaskóla